




ÁRSSKÝRSLA 2020



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Starfsemi og skipulag	4
Stjórnir og fólk	5
Lykiltölur úr rekstri	6
Helstu verkefni ársins	7
Í minningu Þorgerðar Þorvarldsdóttur (1968-2020)	10
Rannsóknir og rannsóknarþjónusta	12
Samtal við samfélagið – Miðlun þekkingar	13
Ársreikningur ReykjavíkurAkademíunnar ses	14
Skýrsla Félags ReykjavíkurAkademíunnar	17
Ársreikningur Félags ReykjavíkurAkademíunnar	20
Fræðimenn og félög	21

Ársskýrsla ReykjavíkurAkademíunnar 2020

Ristjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri

Ljósmyndir: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir nema annað sé tekið fram.

Forsíðumyndin er af Covid-19, afbrigði kórónuveirunnar sem litaði alla starfsemi RA á árinu 2020. Mynd sótt á vefinn.

Reykjavík, júní 2022



Undarleg misseri heimsfaraldurs eru nú vonandi að baki og bjartari tímar framundan án samvistatakmarkana og fjarlægðarmarka, einangrunar og ótta um eigin heilsu og sinna nánustu. Við hér í ReykjavíkurAkademíunni höfum þó verið lánsamari en margir á þessu tímabili, margir drógu sig í hlé og unnu heima á tímabilum en það hafa viðkomandi valið sjálf en ekki verið skyldug til eins og gerst hefur á mörgum vinnustöðum. Þau okkar sem kusu að mæta til vinnu hafa sýnt mikla varúð og gætni í allri umgengni, bæði við annað fólk og umhverfið inni á vinnustaðnum og fyrir bragðið má segja að við höfum sloppið nokkuð vel og megum vel við una.

Vissulega hefur starfsemin ekki verið eins öflug og oft áður, engin málþing, enginn Dagsbrúnarfyrirlestur, öndvegiskaffi fá og smá og minna umleikis að flestu leyti en við erum kannski vön, en þó hafa góðir hlutir gerst í kóvidinu. Ber þar helst að nefna flutning

bókasafnsins af fjórðu hæðinni niður á þá fyrstu og þann sérlega fallega viðburðasal sem við höfum nú þar til umráða og sem hefur hlotið nafnið Dagsbrún – fer í nafngiftinni saman bæði saga safnsins og bjartsýni til framtíðar. Er þegar farið að bóka þar málþing og ráðstefnur á komandi misserum.

Og nú þegar við horfum fram til fullbóluðsettra tíma er kannski ástæða til að hugleiða hvað hægt er að læra af þessum ósköpum sem dundu yfir heimsbyggðina. Af öllum þeim fréttum sem bárust um ástandið hér og þar og allsstaðar er mér ein sérlega minnisstæð. Það var fréttin um að nú sæju íbúar í Delhi alla leið til Himalajafjalla en það höfðu þeir ekki gert um áratuga skeið vegna mengunar. Bæði í Súdan sem og hér í Grímsnesinu höfum við nú séð hvers mannfólkið er megnugt þegar virkilega sverfur að, og þótt ReykjavíkurAkademían sé ósköp smá í stóra samhenginu ber okkur sem hér störfum að leggja okkar á vogarskálarnar með öflugum fræðastarfi bæði í ræðu og riti, fræðastarfi sem miðar að upplýsingu og víðsýni sem byggir á traustum grunni sögu og samfélags, virðingu og kærleik og tekur til bæði mannlífs og umhverfis.

Ekkert er jafn hættulegt og þröngsýni og fáfræði og ekkert er jafn mikilvægt og að vinna gegn slíku á hverjum þeim vettvangi sem maður hefur kosið sér að starfa á í lífinu.

Góðar stundir

Ingunn Ásdísardóttir

stjórnarformaður RA ses

STARFSEMI OG SKIPULAG

Opin umræða og skoðanaskipti eru grundvöllur þess að akademísk fræði þrífist og dafni og þar gegnir ReykjavíkurAkademían lykilhlutverki fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

ReykjavíkurAkademían byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem er félag á þriðja hundrað sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi, stofnað árið 1997. Félagið tilnefnir fólk í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses,

sjálfseignarstofnunar sem er allt í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og bakhjarl rannsókna sjálfstætt starfandi fræðimanna.

ReykjavíkurAkademían er til húsa í Þórunnartúni 2 og þar starfa fræðimenn í um 20 skrifstofum á tveimur hæðum. Í ReykjavíkurAkademíunni eru einnig félagsamtök, minni fyrirtæki og Bókasafn Dagsbrúnar, sérfræðisafn um íslenska verkalyðshreyfingu og vinnumarkað sem er í eigu Eflingar – stéttarfélags.

HLUTVERK REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

ReykjavíkurAkademían er vettvangur rannsókna og nýsköpunar, miðlunar og menningar sem veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfsaðstöðu og rannsóknþjónustu.

ReykjavíkurAkademían er miðstöð opinna samfélagsumræðu, miðlunar og útgáfu um samfélag, vísindi og menningu. Hún tekur brýn mál á dagskrá og miðlar ferskum straumum inn í samfélagið.

ReykjavíkurAkademían er félagsleg miðja, vettvangur og starfsstöð sem leggur áherslu á að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.



STJÓRNIR OG FÓLK

Stjórnir ReykjavíkurAkademíunnar voru kosnar á aðalfundi 23. júní 2020.

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses

Formaður er dr. Ingunn Ásdísardóttir, þjóðfræðingur. Varaformaður dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun, ritari Kristín Jónsdóttir, sagnfræðingur, gjaldkeri Gylfi Gunnlaugsson, bókmenntafræðingur og Ásta Kristín Benediktsdóttir meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru þau Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, stjórnmálafræðingur og dr. Ingimar Einarsson, félags- og stjórnmálafræðingur.

Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (FRA)

Formaður dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun. Gjaldkeri er Arnþór Gunnarsson, sagnfræðingur. Ritari er Árni Finnsson, formaður NÍ. Meðstjórnendur eru þær Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælaverkfræðingur og Salvör Aradóttir, leikhúsfræðingur.

Framkvæmdastjóri

Á árinu 2020 var einn starfsmaður hjá Akademíunni, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri Akademíunnar (frá 1. október 2018).



Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, ræður starfsfólk og verkefni-stjóra, sér um samningagerð og mótar stefnu Akademíunnar í samvinnu við stjórn.

Akademónar

Á árinu 2020 störfuðu 47 fræðimenn, rithöfundar, þýðendur og fleira fjölbætt og listrænt fólk í Þórunnartúni 2.

Fulltrúar í stjórn Sssf

Fulltrúi ReykjavíkurAkademíunnar í stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna á tímabilinu 2019 – 2022 er dr. Sverrir Jakobsson. Til vara er dr. Steinunn Kristjánsdóttir.

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

- ❖ Rekstur ReykjavíkurAkademíunnar gekk ágætlega á árinu 2020 og var reksturinn í jafnvægi. Rekstrarafgangur af reglulegri starfsemi var kr. 3.855.029
- ❖ Engin ný rannsóknarverkefni. Enginn samningur var gerður við Reykjavíkurborg vegna ársins 2020.
- ❖ Tekjur að frádregnum fjármagnstekjum skiptast þannig að rúm 40% eru sjálfsaflafé, að stærstum hluta leigutekjur en einnig tekjur vegna umsýslu rannsóknarverkefna. 52.5 % af tekjum ársins eru framlag ríkis. Greiðslur frá Eflingu vegna Bókasafns Dagsbrúnar er 17.4% af heildartekjum. Hlutfall ríkis og Eflingar er örlítið hærra en á árinu 2019 sem því að ekki var lokið við gerð samstarssamnings við Reykjavíkurborg.
- ❖ Þegar horft er til gjaldaliða þá er húsnæðiskostnaður 44,6 % af kostnaði og laun um 19.2%. Kostnaður vegna rannsóknarverkefna var innan við eitt prósent og vegna innanhúsverkefna 3.3% og vegur þar þyngst kostnaður vegna flutnings bókasafnsins. Rekstrarkostnaður vegna Bókasafns Dagsbrúnar var tæplega 18.9% af heildarrekstarkostnaði á árinu.
- ❖ Samtals höfðu 47 fræðimenn starfsaðstöðu í Þórunnartúni um lengri eða skemmri tíma á árinu. Fleiri borð voru laus í lok árs en í byrjun og kennum við kóvíd um.
- ❖ Ársreikningur ReykjavíkurAkademíunnar er birtur á bls. 14 í þessari skýrslu.



HELSTU VERKEFNI ÁRSINS

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hittist á sex fundum starfsárið 2020-2021. Ekki var haldinn sameiginlegur fundur beggja stjórna.

Stefna Akademíunnar

Ákveðið var að endurskoða starfsemi og hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar og hófst sú vinna á árinu 2019. Báðar stjórnir ReykjavíkurAkademíunnar koma að þeirri vinnu sem er umfangsmikil og ætlað að áhrif á framtíðarhlutverk og skipan mála innan RA. Samhliða er unnið að því að festa í sessi tengsl stofnunarinnar og félagsins eins og þau birtast í lögum FRA og samþykktum RA ses.

Á árinu var áfram unnið að nýrri stefnu til 3ja ára en ekki tókst að ljúka við endanlega gerð hennar endanlega.

Sérkjör fyrir unga fræðimenn

Þá var tekin sú ákvörðun að doktorsnemar og póstdoktorar fái 30% afslátt af leigu.

Þá náðust samningar við Miðstöð framhaldsnám hjá Háskóla Íslands um að fræðimenn Akademíunnar geta skráð sig í ákveðin námskeið sem sniðin eru fyrir doktorsnema.



Endurnýjun samnings við menntamálaráðuneyti

Samningur ReykjavíkurAkademíunnar við menntamálaráðuneytið var endurnýjaður til eins árs en um leið héldu áfram viðræður við ráðuneytið um framtíðarfyrirkomulag samningsgerðarinnar.

Ný heimasíða

Ný heimasíða leit dagsins ljós í mars eftir nokkuð langa meðgöngu. Viðbrigðin eru töluverð enda var gamla síðan hætt að þjóna því hlutverki að halda utan um starfsemina og lyfta fram afrekum okkar fólks.

Við gerð nýju heimasíðunnar var allt kapp lagt á að flytja þangað efni af gömlu síðunni. Efnið verður þó áfram aðgengilegt í upphaflega samhenginu á vefnum vefsafn.is þar sem á þriðja hundruð afrit af gömlu síðunni er varðveitt, allt frá október 2000 til október 2021




Flutt milli hæða

Húsnæðismál Akademíunnar voru skoðuð ofan í kjölinn og varð niðurstaðan sú að í byrjun júní ákvað stjórnin að flytja funda- og fyrirlestraaðstöðu Akademíunnar ásamt Bókasafni Dagsbrúnar af fjórðu hæð Þórunnartúns 2 niður á þá fyrstu.

Markmið flutningana eru að bæta aðstöðu aðbúnað fyrir fræðimenn Akademíunnar og auka sýnileika Akademíunnar og Bókasafns Dagsbrúnar og auðvelda að

því aðgengi almennings.



Í lok júlí voru flutningi bókanna afstaðinn. Sumarið og haustið fóru í gagngerar endurbætur á nýja rýminu og að þeim loknum að raða bókum í hillur. Stefnt var að formlegri opnun bókasafnsins 10. desember en þann dag árið 1960 opnaði safnið almenningi til skoðunar og afnota. Fljótlega kom þó í ljós að fresta þurfti formlegri opnun frestað þar til ástandið í samfélaginu batnaði.



Tæknimálin

Áfram var haldið með þá vinnu sem hófst á síðasta ári að bæta tæknimál í Akademiúnni. Lokið var að endurnýja þráðlausu netið á annarri hæð Akademiúnnar. Lögð var áhersla á að byggja upp góða aðstöðu á fyrstu hæð með góðu þráðlausu neti og tæknibúnað í fundarherbergi.

Málþing í farvatninu

Vegna ástandsins var undirbúningi tveggja málþinga sem halda átti á árinu 2021 frestað.



Borgarmálþing 2020.

Öllum til heilla. Málþing um samfélagslistir var frestað vegna kóvid.

Málþingið er ætlað fagfólki sem vinnur að því að gæta hagsmuna og að valdefla jaðarsetta einstaklinga og hópa. Tilgangurinn er tvíþættur, um leið og fjallað verður um markvissa beitingu skapandi aðferða til valdeflingar jaðarsettra er skapaður vettvangur fyrir fagfólk til þess að ræða sameiginlegar áskoranir og lausnir. Stefnt er að því að halda listviðburði jaðarsettra í tengslum við þingið sem haldið verður í Klúbbi Listahátíðar og verður auglýst sem hluti af dagskrá Listahátíðar.

ReykjavíkAkademían stendur fyrir málþinginu í samtarfi við Reykjavíkurborg, Listahátíð í Reykjavík, Mannréttindaskrifstofu Íslands auk þess sem fleiri stofnanir og félagasamtök koma að málþinginu. Nánari upplýsingar um málþingið Öllum til heilla.

Verkefnisstjóri Björg Árnadóttir.

Rannsóknarþjónustan

Á vordögum var Sesselja G. Magnúsdóttir dansfræðingur hefur verið ráðin til þess að fara yfir núverandi starfsemi rannsóknarþjónustu ReykjavíkurAkademíunnar, skoða það sem vel hefur verið gert og koma með tillögur um það sem betur má fara og leggja fram hugmyndir um hvert skal stefnt.

Sesselja er fyrrum framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar og starfaði um árabíl innan hennar veggja sem sjálfstæður fræðimaður og verkefnisstjóri Rannsóknasmiðju RA. Þá hefur Sesselja gegnt ýmsum trúnaðarstörfum innan RA.



Handbók

Kristín Jónsdóttir og framkvæmdastjóri ritstýrðu gerð Handbókar demóna sem inniheldur upplýsingar um ýmis praktísk mál sem varða Akademiuna og aðstöðuna í Þórunnartúni. Handbókin hefur nýst vel þótt enn séu upplýsingar sem ekki hafa ennþá ratað þangað inn.

Vísindapólitík

Í kjölfar úthlutunar úr Rannsóknasjóði Íslands sendi stjórn ReykjavíkurAkademíunnar bréf til forsætisráðherra og síðan annarra þeirra ráðherra sem sitja í Vísinda- og tækniráði til stuðnings kröfu Vísindafélags Íslands um að fjárveiting til grunnrannsókna í Rannsóknasjóði verði aukin í 1% af vergri landsframleiðslu.

Í ljósi Covid-19 og áhrifa faraldursins á stöðu fræðimanna sendi stjórn bréf til menntamálaráðherra og fór fram á að fjármunir til SSSF myndi hækka til samræmis við hækkun í Rannsóknarsjóð og Tækniþróunarsjóð. Þeirri beiðni var hafnað.

Þá sat framkvæmdastjóri vinnufund með stjórn Vísindafélagsins og formanni FEDON að Helnum. Þar var unninn grunnur að skýrslu um stöðu fjárveitinga til grunnrannsókna og athygli vakin á mikilvægi þeirra fyrir samfélagið allt. Stefnt var að útgáfu skýrslunnar þá um

voríð en hún dróst fram á árið 2021 vegna ástandsins í samfélaginu.

Skattanámskeið

Í febrúar hélt Ásmundur Vilhjálmsson erindi um fyrir félagsmenn um skattamál sjálfstætt starfandi fræðimanna. Erindið var haldið í samvinnu við Hagþenki sem átti frumkvæði að því að námskeiðið var haldið.

Bakhjarl á vinnumarkaði?

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hefur nokkuð fjallað um hvort og þá hvernig eigi að standa betur að því að gæta hagsmuna sjálfstætt starfandi fræðimanna á vinnumarkaði. Ljóst er að staða þeirra á milli er ólík, tekjur sveiflukenndar og tengd verkefnum og styrkjum. Oft fara ekki saman raunverulegar aðstæður fræðimanna og þau skilyrði sem stéttarfélög (BHM) og ríkisskattstjóri setja. Til að fylgja umræðunni eftir þá áttu Ingunn Ásdísardóttir, Ásthildur Elva Benediktsdóttir og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir fund með þeim Þórunni Sveinbjarnardóttur formanni BHM og Karen Ósk Pétursdóttur sérfræðingi í kjara og réttindamálum á vordögum. Fundurinn var góður og niðurstaðan sú að Karen Ósk formaður nefndar BHM um stöðu sjálfstætt starfandi háskólamanna skyldi kalla fulltrúa Akademíunnar á fund með nefndinni til að ræða sérstaklega stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna. Af þeim fundi varð ekki, líklega vegna Covid-19.



Í MINNINGU Þorgerðar Hrannar Þorvaldsdóttur (1968-2020)



Þann 25. júlí andaðist dr. Þorgerður Þorvaldsdóttir, einn þeirra fræðimanna sem hvað lengst hafa starfað innan ReykjavíkurAkademíunnar. Haldin var minningarathöfn í Fossvogskirkju sem Lilja Hjartardóttir og Bára Baldursdóttir og Ásthildur Elfa Bernharðsdóttir tóku þátt í að undirbúa f.h. RA í samstarfi við Ágúst Ásgeirsson eiginmann Þorgerðar og Sr. Auði Eir Vilhjálmsdóttur. Ingunn Ásdísardóttir stjórnarformaður flutti minningarorð við athöfnina sem birtust í Morgunblaðinu.

Kveðja frá ReykjavíkurAkademíunni

Dr. Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni.

Það er Þorgerður okkar.

Maður segir stundum að eitthvað hafi alltaf verið til. Þannig er það með Þorgerði, hún hefur alltaf verið Akademón, því hún kom til liðs við ReykjavíkurAkademíuna á fyrstu árum hennar, rétt fyrir síðustu aldamót. Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru hafa Akademónar stundað stórar og umfangsmiklar rannsóknir, gefið út ótölulegan fjölda fræðirita og greina og unnið til ýmissa virtra verðlauna og styrkja fyrir rannsóknir sínar.

Þarna var Þorgerður enginn eftirbátur nema síður sé-og það hefur verið styrkur ReykjavíkurAkademíunnar að hafa fólk eins og Þorgerði innan sinna vébanda.

Hvernig lýsir maður persónu?

Þorgerður var hugsjónakona, vinnusöm með afbrigðum og samviskusöm í ofanálag – þetta tvennt fer nefnilega ekki alltaf saman! En Þorgerður lét aldrei neitt frá sér fara öðruvísi en lúslesið og margyfirfarið; hún var forkur dugleg enda skilur hún eftir sig ævistarf sem margur áratugum eldri en henni auðnaðist að verða, mætti vera stoltur af. Á tímabilum fannst manni hún búa við skrifborðið sitt því hún var þar öllum stundum, hæglát, róleg og sívinnandi. En auðvitað fór hún líka heim til sinna uppáhaldsmanna, þeirra Ágústar og Ingimundar, og lengst af alltaf á reiðhjól. Eitt sinn kom hún skælbrosandi út í vinnu og hafði þá unnið væna upphæð í happdrætti og ætlaði nú að fá sér vetrardekk undir hjólið. Og hún hjólaði innan úr Laugarnesi og vestur í JL hús í hvernig veðrum og færð sem var eftir það, rjóð í kinnum og dálítið Húnavatnssýsluleg því innan fræðikonunnar bjó líka ástríðufull sveitakona; Þorgerður elskaði sveitina sína, þjóðlegan íslenskan mat og sauðfé. Hún birti varla svo mynd á facebook að þar væri ekki að minnsta kosti ein kind. Á hverju vori fór hún norður í sauðburð og gúmmístígvél og oftast ef hún gat.



Í Þorgerði var engin tilgerð, en henni fannst gaman að punta sig þegar tilefni gafst. Þegar ReykjavíkurAkademían ákvað í fyrsta sinn að vera ekki eftirbátur annarra fínna stassjóna og halda árshátíð, settu einhverjir í brýnnar yfir hugmyndinni um spariföt; vildu bara mæta á molskinnsbuxunum. En ekki Þorgerður. Hún tók hugmyndinni umsvifalaust fagnandi og mætti sparibúin með sínum sparibúna manni og tjúttaði fram á nótt. Þetta uppátæki skemmtinefndarinnar birtist svo í myndaseríu af prúðbúnum Akademónum í menningarblaðinu Séð og Heyrt undir fyrirsögninni Hámenntaður glæsileiki.

Yfir þessu skemmtum við okkur síðar bæði oft og vel. Og Þorgerður leyndi á sér eins og fram kom á annarri árhátíð þegar haldin var spurningakeppni um popp-, fótbolta- og hollívúddstjörnur en þar sigraði hún með yfirburðum. Við enn annað tilefni vann Þorgerður til verðlauna fyrir að vera í langflottustu skónum og tók pósur í stóra salnum í JL húsinu.

Það var alltaf gott að líta inn á skrifstofu til Þorgerðar, skiptast á nokkrum orðum og finna þetta öryggi og rósemd sem fylgdi persónu hennar. Þorgerður tranaði sér ekki fram og ég skal viðurkenna að það leið nokkuð langur tími þar til ég áttaði mig á því hver vigt og þungi fylgdi veru hennar í fræðimannahóp ReykjavíkurAkademíunnar. Hún hafði ígrundaðar skoðanir á fjölmörgum málefnum en var heldur ekki feimin við að viðurkenna það ef hún vissi ekki eitthvað. Þá var eins víst að hún gengi í að kynna sér viðkomandi málefni ef það vakti áhuga hennar.

Jafnrétti í víðum skilningi var fræðasvið Þorgerðar. Fyrir jafnrétti brann með henni heitur hugsjónaeldur; þar sameinaði hún áhugasvið og fræði og lagði með rannsóknum sínum og verkum afgerandi lóð á vogarskálar þeirrar endalausar baráttu.

Eftir að hún veiktist, höfum við því miður séð æ minna af Þorgerði við skrifborðið sitt en alltaf var hún komin ef hún mögulega hafði heilsu til. Brosmild, jákvæð og bjartsýn; hafnaði allri vorkunnsemi en kunni að taka samúð og stuðningi. Þegar svo var komið að hún hafði ekki lengur fótaferð var mér sagt að hún sæti í rúmi sínu á sjúkrahúsinu og ynni að lokafrágangi greina og verkefna.

Þannig var dr. Þorgerður, sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni, brennandi í andanum þótt mátturinn færi þverrandi.

Fræðasamfélag ReykjavíkurAkademíunnar vottar uppáhaldsmönnum Þorgerðar, þeim Ágústi og Ingimundi, og öðrum aðstandendum innilega samúð við ótímabært fráfall merkra fræðikonu og trausts vinar.

F.h. ReykjavíkurAkademíunnar

Ingunn Ásdísardóttir, formaður ReykjavíkurAkademíunnar



RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

Rannsóknþjónustan (RaRA) er eitt af stoðsviðum ReykjavíkurAkademíunnar og hefur það hlutverk að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA og kynningu á þeim. Henni er ætlað að þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda RA ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna, t.d. með handleiðslu bæði einstaklinga og hópa við umsóknagerð.

Rannsóknþjónustan sér jafnframt um bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru hjá RA ses.

Fræðimenn ReykjavíkurAkademíunnar stunda fjölmargar rannsóknir á sínum sérsviðum, ýmist einir eða í samvinnu við kollega.

Árið 2020 hýsti Akademían eftirfarandi rannsóknarverkefni:

- ❖ Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918
- ❖ DigistorID
- ❖ Sögur og fylgdarmenn, Axel Kristinsson, Árni Daníel Júlíusson og Viðar Hreinsson

SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR

Dagsbrúnarfyrirlesturinn

Áformað var að Maríanna Traustadóttir sérfræðingur hjá ASÍ í jafnréttis- og umhverfismál héldi Dagsbrúnarfyrirlestur ársins í fundarsal Eflingar. Fyrirlesturinn átti að halda xx. mars en honum var frestað vegna ástandsins í samfélaginu. Gera átti nýja tilraun í lok ágúst en hún endaði á sama hátt og sú fyrri. Fyrirlesturinn átti að fjalla um verkalýðshreyfinguna, alþjóðasamstöðu, réttindi launafólks og jafnrétti kynjanna eins og útdrátturinn gefur til kynna: „Á tímum þrenginga er alþjóðleg samstaða launafólks mikilvæg. Hlutverk Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar – ILO og áherslur hennar skipta máli og hafa áhrif á mótun framtíðar á vinnumarkaði. ILO er eina alþjóðastofnun Sameinuðu þjóðanna sem lýtur ekki aðeins stjórn ríkisstjórnanna heldur einnig launafólks og atvinnurekenda og minnir því sífellt á rétt verkafólks sem og almenn mannréttindi. Hvernig endurspeglast jafnréttisáherslur ILO á íslenskum vinnumarkað? Hvað getur Ísland lagt til í baráttuna um jafnrétti fyrir alla?



ILO hefur lagt sérstaka áherslu á sanngjörn umskipti, „just transition“ í kjölfar loftlagsbreytinga og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn. Það hlýtur að vera á ábyrgð íslenskrar verkalýðshreyfingar að tryggð verði sanngjörn umskipti í þágu jafnréttis.,,

Ljósmynd: Maríanna Traustadóttir sérfræðingur hjá ASÍ.

Hádegisfyrirlestur Farah Yasmin Obaidullah

Fyrirlestur Farah Obaidullah sem halda átti í byrjun mars í samvinnu við Náttúruverndarsamtök Íslands var frestað vegna Covid-19 faraldursins.

Farah Yasmin Obaidullah er stofnandi og stjórnandi Women4Oceans, (W4O) og mun í fyrirlestrinum fjalla um hvernig stórir fiskveiðiflotar frá Rússlandi, Japan, Suður Kóreu og ríkjum ESB hafa stundað fiskveiðar / rányrkju innan 200 mílna efnahagslögsögu ríkja í þriðja heiminum. Um er að ræða hnattrænt vandamál. Sum ríki eru verri en önnur. Þannig hefur ESB gert töluverðar umbætur á stefnu sinni eftir harða gagnrýni fyrir hvernig framkvæmdastjórnin í Brussel keypti aðgang fyrir togara frá Spáni, Portúgal eða Frakklandi innan t.d. efnahagslögsögu Marokkó eða ríkja í Karíbahafinu.



Ljósmynd: Farah Yasmin Obaidullah aktivist og formaður W4O

ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES

REKSTRARREIKNINGUR 2020

Rekstrartekjur		2020	2019
Tekjur af skrifstofuhúsnæði.....	4	21.181.741	20.827.644
Tekjur vegna verkefna.....	1,6	138.000	1.614.867
Tekjur vegna bókasafns.....	8	9.240.000	9.240.000
Framlög á fjárlögum.....		22.600.000	22.000.000
Reykjavíkurborg.....		0	2.000.000
Rekstrartekjur alls		<u>53.159.741</u>	<u>55.682.511</u>
Rekstrargjöld			
Gjöld vegna skrifstofuhúsnæðis.....	5	(22.038.504)	(20.679.880)
Gjöld vegna verkefna.....	1,7	(2.031.415)	(3.840.640)
Gjöld vegna bókasafns.....	8	(9.353.547)	(8.565.117)
Laun og launatengd gjöld.....	9	(9.490.496)	(9.504.422)
Annar rekstrarkostnaður.....	10	(4.561.610)	(3.812.574)
Afskriftir.....	2,11	(1.983.243)	0
Rekstrargjöld		<u>(49.458.815)</u>	<u>(46.402.633)</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		3.700.926	9.279.878
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		198.287	378.222
Vaxtagjöld		(13.005)	(2.200)
		<u>185.282</u>	<u>376.022</u>
Rekstrarárangur		3.886.208	9.655.900
Fjármagnstekjuskattur.....		(31.179)	(69.131)
Rekstrarárangur ársins		<u>3.855.029</u>	<u>9.586.769</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

Eignir

		2020	2019
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar bókasafni.....		7.932.973	0
Málverk.....	2	125.000	125.000
	11	<u>8.057.973</u>	<u>125.000</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	1 c	478.848	2.321.176
Umframgreiðslur til verkefna.....		0	333.025
Aðrar kröfur.....		3.311	8.364
Handbært fé.....	12	15.277.092	17.275.688
		<u>15.759.251</u>	<u>19.938.253</u>
Eignir samtals		<u><u>23.817.224</u></u>	<u><u>20.063.253</u></u>

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé.....		21.055.079	17.200.050
	14	<u>21.055.079</u>	<u>17.200.050</u>

Skuldir

Ógreiddur kostnaður.....		300.506	545.322
Verkefni í vinnslu.....	1, 13	2.132.315	1.810.894
Laun og launatengd gjöld.....		311.024	489.087
Útvarpsgjald.....		18.300	17.900
		<u>2.762.145</u>	<u>2.863.203</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>23.817.224</u></u>	<u><u>20.063.253</u></u>
------------------------------------	--	--------------------------	--------------------------

YFIRLIT UM SJÓDSTREYMI	2020	2019
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI		
Frá rekstri	3.855.029	9.586.769
Mismunur á rekstrarárangri og handbæru fé til rekstrar		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir.....	1.983.243	0
Hreint veltufé frá rekstri	5.838.272	9.586.769
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun.....	2.180.406	(2.108.465)
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun).....	(101.058)	175.535
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	2.079.348	(1.932.930)
Handbært fé frá rekstri	7.917.620	7.653.839
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárumunum		
Endurbætur, tæki og áhöld á bókasafni.....	(9.916.216)	0
Ráðstöfun handbærs fjár	(9.916.216)	0
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR		
Afskriftasjóður færður út.....	0	77.865
Fjármögnunarahreyfingar	0	77.865
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	(1.998.596)	7.731.704
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....	17.275.688	9.543.984
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK.....	15.277.092	17.275.688
KENNTÖLUR		
Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.....	88,40%	85,73%
Veltufjárlutfall.....	5,71	6,96
Veltufé sem hlutfall af heildarskuldum.....	5,71	6,96



Það er áskorun að taka saman árskýrslu um starfsemi Félags ReykjavíkurAkademíunnar fyrir árið 2020, því líkt og með hvers konar félagsstarfsemi þá sópaðist hún að mestu út af borðinu vegna sóttvarnaaðgerða til varnar gegn Kórónuveirufaraldrinum. Áður en samkomubann skall á í mars 2020 náði félagið að bjóða upp á tvö erindi í fyrirlestraröð félagsins auk fjögurra erinda í Öndvegi þar sem starfandi demónar í Þórunnartúni fluttu stutt erindi fyrir aðra demóna hússins sem tóku síðan þátt í umræðum um erindin. Samantekt á þeim viðburðum var birt í ársskýrslu síðasta árs. Eftir það var leitast við að setja saman viðburði fram í tímann sem síðan varð að blása af—einn af öðrum. Þannig féllu niður allir fyrirlestrar, skemmtidagskrá og dagsferðir. Náðist þó að halda tvö Öndvegi er leið að sumri og slakað var tímabundið á sóttvörnum. Viðfangsefni þeirra Öndvega voru eftirfarandi:

Fimmtudagur 28. maí

Rannsóknarþjónusta Akademíunnar, möguleikar og ómöguleikar.

Á fundinum voru tillögur sem komu fram á stefnumótunarfundum ReykjavíkurAkademíunnar sem voru haldnir í Skálholti og í Þórunnartúni rifjaðar upp og settar fram sem drög að þriggja ára áætlun. Einnig var gerð grein fyrir þeim verkefnum sem þegar hafði verið unnið að í tengslum við uppbyggingu rannsóknarþjónustunnar og kallað eftir hugmyndum Akademóna um næstu skref.

Á fundinn mætti Sesselja M.

Guðmundsdóttir dansfræðingur sem lengi starfaði innan Akademíunnar sem fræðimaður, stjórnarkona, verkefnisstýra rannsóknarsmiðju/rannsóknarþjónustu (RaRA) og sem framkvæmdastjóri Akademíunnar. Sesselja var ráðin sem verkefnisstjóri til þess að draga fram það sem þegar hefur verið gert innan RaRA, gera grein fyrir þeim hugmyndum sem lágu að baki starfi RaRA á árunum 2013-2016 og koma með tillögu að framtíðarstefnu fyrir Rannsóknarsmiðjuna.

Fimmtudagur 18. júní

Eyrún Eypórsdóttir, lektor og doktorsnemi í mannfræði sagði frá rannsókn sinni um *Brasilíufarana og afkomendur þeirra*.

Á árinu sá stjórn félagsins um að ljúka við uppfærslu á félagaskránni sem gaf m.a. færi á að hægt væri að vinna nýja póstlista. Þá tók stjórnin einnig þátt í uppsetningu á nýjum fundarsal ReykjavíkurAkademíunnar sem er nú á 1. hæð í Þórunnartúni 2. Það er fengur fyrir félagið að fá þennan bjarta sal sem umgjörð um þá opnu fyrirlestra sem haldnir eru á vegum þess. Með nýjum fundarsal kemur ný tækniaðstaða sem gerir okkur fært að streyma fyrirlestrum og fundum. Gefst þar með tækifæri til að gefa dagskrá félagsins meira vægi og auka um leið sýnileika ReykjavíkurAkademíunnar.

Í lok þessa starfsárs eru horfur á að Íslendingar séu að komast út úr kófinu og sú kyrrstaða sem því hefur fylgt geti vikið fyrir bjartsýni og tilhlökkun yfir þeim tækifærum sem við getum einhent okkur í að vinna úr. Strax í júní er efnt til tveggja Öndvega og eins fyrirlesturs í nýja fundarsalnum—og nýrri fyrirlestraröð verður m.a. hleypt af stokkunum í haust...

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir formaður FRA

ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

ReykjavíkúAkademían, félag

Rekstrarreikningur ársins 2020

Tekjur:	2020	2019
Félagsgjöld	43.200	491.800
Vaxtatekjur	2.194	4.968
Aðrar tekjur	0	0
	<u>45.394</u>	<u>496.768</u>
Gjöld:		
Kostnaður vegna aðalfundar	0	0
Ferðir og skemmtanir	0	99.004
Öndvegiskaffi.....	0	0
Fjármagnstekjuskattur	485	1.092
Þjónustugjöld og kostnaður	2.935	27.443
RA stúdentastofa	132.480	146.782
Húsgögn ofl. fyrir Þórunnartún 2	0	207.800
Lén	6.230	6.230
	<u>142.130</u>	<u>488.351</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>-96.736</u>	<u>8.417</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 2020

Eignir:

Veltufjármunir:

Landsbanki 0101-26-530697	17.504	45.903
Landsbanki 0101-15-630905	384.931	489.468
Eignir samtals	<u>402.435</u>	<u>535.371</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Hrein eign frá fyrra ári	547.662	539.245
Tekjur umfram gjöld	-96.736	8.417
Óinnheimtar tekjur	391.300	0
	<u>842.226</u>	<u>547.662</u>

Skuldir:

Utistandandi skuldir 31. des 2020	-26.494	-36.200
	<u>-26.494</u>	<u>-36.200</u>

Skuldir og eigið fé samtals

	<u>815.732</u>	<u>511.462</u>
--	----------------	----------------

Samþykkt 2. júní 2021
 Björn P. Lefrasson
 Stofnunarstjóri reikninga

FRÆÐIMENN OG FÉLÖG

Konur og menn

Eftirfarandi fræðikonur og menn, rithöfundar og skáld störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2020:

Aðalsteinn Eypórsson, Anna Dóra Antonsdóttir, Arnþór Gunnarsson, Árni Finnsson, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Bára Baldursdóttir, Björg Árnadóttir, Björn Halldórsson, Björn Stefánsson, Clarence Edvin Glad, Elín Þöll Þórðardóttir, Eyrún Eypórsdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Þorri Pétursson, Gylfi Gunnlaugsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Haukur Arnþórsson, Hildur Fjóla Antonsdóttir, Hjörleifur Hjartarson, Hringur Ásgeir Sigurðarson, Hrund Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Ingimar Einarsson, Ingunn Ásdísardóttir, Katrín Theódórsdóttir, Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Kristín Jónsdóttir, María Helga Guðmundsdóttir, Möður Árnason, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Rósa Ómarsdóttir, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Salvör Aradóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, Sigurlín Bjarney Gísladóttir, Sjöfn Kristjánsdóttir, Stefán Pálsson, Steinunn Stefánsdóttir, Svanur Kristjánsson, Sveinn Máni Jóhannesson, Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Þorleifur Hauksson og Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsen.

Ritaskrá fyrir árið 2021 verður birt á heimasíðu Akademíunnar, www.akademia.is

Félög og fyrirtæki

Á árinu 2020 störfuðu eftirfarandi félög og fyrirtæki innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Bókasafn Dagsbrúnar, U3A, Hagþenkir, Stílvopnið, Listmeðferð Unnar, Lýðræðissetrið og Náttúruverndarsamtök Íslands



REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
ra@akademia.is – sími 562 8565
www.akademia.is